



**Þróun nýrrar tengingar milli forsteypts stöpulveggjar og staðsteypts sökkuls. Rúnar Steinn Smáráson, Franz Sigurjónsson, Ching-Yi Tsai, Bjarni Bessason og Ólafur Sveinn Haraldsson. Vegagerðin og Háskóli Íslands – júlí 2023.**

Ágrip skýrsluhöfunda:

Í þessari rannsókn var þróuð ný tenging milli forsteypts stöpulveggjar og staðsteypts sökkuls með því markmiði að hraða brúarframkvæmdum. Smíðuð voru tvö prófstykki í 63% skala í Vegagerðinni og í BM Vallá og þau prófuð á tilraunagólfi Umhverfis- og byggingarverkfræðideildar Háskóla Íslands. Fyrri stykkið var útfært hefðbundið þar sem bæði sökkull og stöpulveggur eru staðsteyptir. Síðara prófstykkið var útfært með nýju tengingunni þar sem forsteyptum stöpulvegg er stungið niður í staðsteyptan sökkul. Bæði prófstykki fóru í gegnum 11 færslustýrt álagspróf. Þessi áfangaskýrsla lýsir þróun nýju tengingarinnar, smíði prófstykkjanna, efnisprófunum sem fóru fram, uppsetningu tilrauna og prófun þeirra. Nýja tengingin hentar líka fyrir stoðveggi.